

Ár 2024, miðvikudaginn 6. nóvember, er í dómstól ÍSÍ, í málinu nr. 9/2024:

Skautafélag Reykjavíkur (SR)

gegn

Íshökkísambandi Íslands (ÍHÍ)

uppkveðinn svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Mál þetta úrskurðar Halldór Frímannsson, dómari í dómstól ÍSÍ.

Kæran ásamt fylgiskjölum samkvæmt málaskará var móttækin af skrifstofu ÍSÍ 4. nóvember 2024, þar sem kærandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

Stjórn SR gerir þá kröfu að úrskurður aganefndar ÍHÍ í máli nr. 2 frá 3. október 2024, (sjá fylgiskjal nr. 4) verði felldur úr gildi og aganefnd ÍHÍ gert að taka málið til efnislegrarmeðferðar og úrskurðar að nýju vegna þeirra alvarlegu formgalla sem voru á málsmeðferðinni. Aganefnd verði þar með gert skylt að fylgja málsmeðferðarreglum sínum og reglum. Alþjóðaíshökkísambandsins og rannsaka málið með því m.a. að kalla eftir greinargerðum frá Skautafélagi Akureyrar (SA) og SR ásamt því að kalla eftir vitnisburðum þeirra sem voru vitni að hinum meintu ummælum. Þá ber nefndinni að meta þær aðstæður sem voru fyrir hendi þegar hin meintu ummæli voru viðhöfð og þá staðreynd að sá sem viðhafði hin meintu ummæli hefur áður viðhaft rasísk ummæli og hlotið agaviðurlög vegna þess.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar ÍHÍ um agamál segir eftirfarandi:

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

Samkvæmt þessu ákvæði heyrir málið ekki efnislega undir dómstólinn og verður ekki tekið fyrir á þeim grundvelli, en á það skal bent án þess að tekin sé efnisleg afstaða til málsins, að aðild kæranda til þess að krefjast þess að úrskurður aganefndar nr. 2 frá 3. október 2024 verði felldur úr gildi þarfnast skoðunar við. Aðildarskortur einn og sér hefur í för með sér frávísun málsins.

Einnig verður ráðið af gögnum málsins að sérstakar ástæður (formgallar) eru ekki fyrir hendi til að veita leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn á grundvelli gr. 24.2 í lögum ÍSÍ.

Með vísan til þessa er málinu vísað frá dómstól ÍSÍ.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Halldór Frímannsson (sign)

Dómari

Samkvæmt gr. 35.3 í lögum ÍSÍ er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.